



Reykjavík 20.04.2010

Ferðapjónustusvæði í landi Reykjahlíðar – Deiliskipulag

Greinargerð

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Skútustaðahrepps, Reykjahlíðar og Voga 1996 – 2015

er umrætt landssvæði skilgreint sem útvistarsvæði. Samkvæmt þessum uppdrætti er þetta svæði skilgreint sem Ferðapjónustusvæði í landi Reykjahlíðar.

Það hefur aldrei verið gert deiliskipulag af svæðinu.

Markmið með gerð þessa deiliskipulags er að afmarka og skilgreina þá atvinnustafsemi sem þar fer fram en um árábil hefur verið rekin þar ferðapjónusta s.s. almenn tjaldsvæði, gistiskálar, sumarhús og smáhýsi.

Á uppdrættinum eru sýnd þau mannvirki sem standa nú þegar á svæðinu ásamt því svæði sem notað er fyrir tjaldsvæði og þjónustu þeim tengd. Einnig hefur verið færðar inn á þennan uppdrátt þær breytingar sem gerðar verða miðað við núverandi skipulag.

Öll ný hús verða í samræmi við aðrar byggingar á svæðinu.

1. Gistiskálar.

- Nýr byggingarreitur kemur norðan við núv. Gistiskála (Hraunbrún). Þar verða settar niður tvær færanlegar gistiskálaeiningar, svo kölluð gámahús. Þar norðan við er gert ráð fyrir nýjum gistiskála.
- Fyrirhugað er að núverandi gistiskáli (Hraunbrún) verði endurbættur og útlit fært í samræmi við aðrar byggingar á svæðinu.
- Framan við gistiskálana koma almenn bílastæði og aðstaða fyrir hópferðabíla.

Hraunjaðarinn sem mannvirkin liggja að nýtur verndar skv. 27. gr. Náttúruverndarlaga og verður honum ekkert raskað á nokkurn hátt.

2. Gistiskálar fyrir starfsfólk.

- Byggingarreitur stækkaður til norðurs og gistiskálaeiningum bætt við núverandi hús sem staðsett er við hraunjaðarinn.

3. Þjónustusvæði.

- Núverandi salernishús rifið og fjarlæggt og ný stærri salernisaðstaða sett í staðinn.

Á þessum uppdrætti er svæði skilgreint sem þjónustusvæði. Þar er meðal annars afgreiðsla, snyrtingar og baðaðstaða fyrir ferðamenn ásamt starfsmannbústað.

4. Fornminjar.

Á þessum uppdrætti kemur fram eitt svæði sem skilgreind eru sem fornminjar. Þessu svæði verður ekkert raskað á nokkurn hátt.

Fornleifastofnun Íslands hefur gert fornleifaskráningu á svæðinu, sbr skjal FS 118 96 014 frá árinu 2000.

Leita skal umsagnar og tilkynna Náttúruvernd ríkisins um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminum á náttúruminjasrá, sbr. 67. og 68. gr

5. Svæði fyrir smáhýsi.

- Sett eru inn þrjú ný svæði fyrir smáhýsi til útleigu fyrir ferðamenn.
- Svæðin eru öll 7m x 40-78m (280m², 322m², 546m²).

6. Nýtt þjónustuhús fyrir tjaldsvæði.

- Um er að ræða byggingareit fyrir nýtt þjónustu- og salernishús fyrir tjaldsvæði.